



Akureyrarbær

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Akureyri, 28. september 2020
2020090366 01-730

Efni: Umsókn frá Akureyrarbæ um undanþágu frá vinnsluskyldu í Grímsey vegna sérstakra aðstæðna.

Með tilvísan í tölvupóst frá 11. september 2020 frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu sem fjallar um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta, sækir Akureyrarbær hér með um að undanþága verði veitt frá vinnsluskyldu í Grímsey vegna sérstakra aðstæðna.

Í Grímsey byggist byggðin eingöngu á fiskveiðum og atvinnu tengdum þeim. Undanþága á vinnsluskyldu hefur gríðarlega mikla þýðingu við að halda í þau fáu störf sem þó eru fyrir hendi en eins og staðan er núna þá eru einungis örfáir íbúar eftir með vetrarsetu í eygni og reiða þeir sig að öllu leyti á fiskveiðar. Ef fram heldur sem horfir fækkar enn störfum í útgerð og fiskvinnslu og það er afar erfitt fyrir íbúa að sækja vinnu utan eyjarinnar. Það má því segja að hvert einasta starf telji við að halda byggð í Grímsey.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri